

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Hrafnkels Gíslasonar forstjóra
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. júní 2016

Efni: Undirverðlagning og taprekstur á samkeppnisstarfsemi Íslandspósts innan alþjónustu

Tíðar og miklar hækkunar á gjaldskrá fyrir bréf undir 50 grömmum, sem Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur einkarétt á að dreifa, hafa vakið athygli félagsmanna í Félagi atvinnurekenda (FA). Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) samþykkti síðast hækkun í maí, sem tók gildi í byrjun þessa mánaðar. Gjaldskrá ÍSP fyrir bréf í einkarétti hefur breytt þannig undanfarna 15 mánuði:

| | 1. mars 2015 | 1. júní 2016 | Hlutfallsleg hækkun |
|---------------------|--------------|--------------|---------------------|
| A-póstur | 145 kr. | 175 kr. | 20,7% |
| B-póstur | 125 kr. | 160 kr. | 28,0% |
| Magnpóstur A | 107 kr. | 135 kr. | 26,2% |
| Magnpóstur B | 87 kr. | 114 kr. | 31,0% |

Athygli vekur að mesta hækkunin er á magnpósti B, sem er sá flokkur sem fyrirtæki nýta helst til samskipta við viðskiptavinum sína.

Athygli FA hefur ennfremur verið vakin á því að verðskrá fyrir þjónustu Íslandspósts sem fellur undir alþjónustu en er í samkeppni við starfsemi einkaaðila hefur ekki hækkað með sambærilegum hætti.


Tökum dæmi af pakkasendingum, en þær hafa hækkað sáralítið frá því í ársbyrjun 2014. Samanburður á verði pakkasendinga og magnpósts í B-flokki er sláandi. Hér er virðisaukaskattur á bögglaþóstsendingum undanskilinn, en hann lækkaði í ársbyrjun 25,5% í 24% í ársbyrjun 2015:

| | 1. janúar 2014 | 1. júní 2016 | Hlutfallsleg hækkun |
|--|----------------|--------------|---------------------|
| Pakki innanlands, 1 kg, svæði 1, án vsk | 667,73 kr. | 688,71 kr. | 3,1% |
| Magnpóstur B | 78 kr. | 114 kr. | 46,2% |

Þessi munur vekur furðu og margar spurningar. Verðskrárhækkun vegna bréfa í einkarétti um síðustu mánaðamót var þannig réttlætt með vísan til meiri launahækkana í kjarasamningum en ÍSP gerði ráð fyrir í áætlunum sínum. Auka þær hækkunar ekki kostnað vegna pakkasendinga, ekki síður en vegna bréfasendinga?

FA vísar til þess að PFS hefur á árunum 2015 og 2016 samþykkt afturvirkta kostnaðarbókhald Íslandspósts ohf. vegna áruna 2013. Það kostnaðarbókhald byggir á nýrri nálgun við úthlutun kostnaðar niður á starfsþætti. Fram til ársins

2012 byggði starfsþáttayfirlitið á verkgrunduðum kostnaðarreikningi (e. Activity Based Costing eða ABC) en frá og með 2013 er stuðzt við langtímameðaltalsviðbótarkostnað (e Long-Run Average Incremental Cost eða LRAIC). Eins og meðfylgjandi mynd sýnir snarversnaði afkoma samkeppnisrekstrar ÍSP innan alþjónustu árið 2013. Rekstrarkostnaður hækkaði um rúmlega 700 milljónir króna á sama tíma og tekjur hækkuðu um rúmlega 100 milljónir króna. Þessi breyting skýrist af nýrri nálgun við úthlutun kostnaðar á starfsþætti. Þessi taprekstur af samkeppnisrekstri innan alþjónustu kemur til þrátt fyrir að tekið hafi verið tillit til um 300 milljóna króna árlegrar niðurgreiðslu einkaréttar vegna alþjónustukvaðar.



Sú mynd blasir við að ríkisfyrirtækið ástundi undirverðlagningu þess hluta alþjónustunnar sem er í samkeppni við einkaaðila.

FA veur athygli á ákvæðum 4. málsgreinar 16. greinar laga um pósthjónustu nr. 19/2002, en þar segir (leturbreyting undirritaðs):

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af *raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði*. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Miðað við þá mynd, sem dregin hefur verið upp hér að framan, hefur PFS ekki sinnt því hlutverki sínu að hafa eftirlit með gjaldskrá ÍSP vegna samkeppnisrekstrar innan alþjónustu. Þjónustan er rekin með hvínandi tapi vegna undirverðlagningar, en slíkt er í beinni andstöðu við lög um pósthjónustu.

Athygli FA hefur jafnframt verið vakin á því að í 8. grein starfsleyfis Íslandspósts segir (leturbreyting undirritaðs):

Íslandspóstur skal upplýsa um skilmála þjónustunnar. Upplýsingarnar skulu vera gagnsæjar og nægilega sundurgreindar þannig að viðskiptavinurinn geti áttað sig á hvaða þjónustu hann er að kaupa og hvað sé innifalið í henni. *Sérstaklega skal upplýsa um gjöld, afslætti, reglur um áframsendingar póstsendinga og endursendingar, hvaða tryggingar eru innifaldar, aðgang að kvörtunarþjónustu og skilyrði skaðabóta.* Í skilmálum fyrir alþjónustu skal einnig tilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins, á afgreiðslustöðum, hjá landpóstum og á bréfaböxum ef við á.

Í 16. grein laga um pósthjónustu er jafnframt kveðið á um opinbera birtingu viðskiptaskilmála póstrekenda. Þrátt fyrir þetta hefur ÍSP ekki birt á heimasíðu sinni upplýsingar um hvaða magnafsláttur er t.d. veittur af bögglasendingum, sem eru í samkeppni við einkaaðila. Sterkar vísbendingar eru um að fyrirtækið hafi náð til sín slíkum viðskiptum með undirverðlagningu. Engu að síður hefur FA séð skjalfest dæmi þess að PFS neiti keppinautum Íslandspósts um að ganga á eftir því við ríkisfyrirtækið að það birti afsláttarskilmála sína opinberlega, líkt og löggjafinn hefur ætlað til.

FA telur þessa þróun mikið áhyggjuefni og að heilbrigðu samkeppnisumhverfi í pósthjónustu sé í hættu stefnt vegna vanrækslu PFS á lögbundnu eftirlitshlutverki sínu með Íslandspósti.

Félag atvinnurekenda beinir því eftirfarandi spurningum til Póst- og fjarskiptastofnunar:

- Hyggst PFS ganga á eftir því að Íslandspóstur færi verðskrár sínar fyrir samkeppnisrekstur innan alþjónustu til samræmis við raunkostnað, að viðbættum hæfilegum hagnaði, eins og lög kveða á um?
- Hyggst PFS ganga á eftir því að Íslandspóstur birti viðskiptaskilmála sína, þar með talda afsláttargjaldskrá fyrir bögglapóst, eins og starfsleyfi fyrirtækisins og lög kveða á um?

Svör óskast hið fyrsta.

Með vinsemd og virðingu,



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri